

Komdu sæll Kári

Ástæða þess að ég hef samband við þig er að ég á dóttur sem heitir Hanna María Petersdóttur, fædd árið 2005 og er í afrekshópi Gerplu í áhaldafimleikum. Æfingatímar hennar eru 22 klukkutímar í viku nú yfir sumartímann og það sama gildir um vetrarmánuðina sept-mai. Hanna æfir 12 mánuði á ári.

Hún æfir 5 daga í viku og eru frídagar hennar; fimmtudagur og sunnudagur. Æfingatímarnir eru frá kl. 9-15 og er henni því ómögulegt að stunda vinnu í Vinnuskólanum nema á fimmtudögum en þá er hún að aðstoða við þjálfun 4 og 5 þrep áhalda fimleika í Stjörnunni (í gegnum vinnuskólann). Ég leita því til þín og mig langar að leggja fram beiðni að þau ungmenni sem eru í þeirri stöðu að geta ekki starfað í Vinnuskólanum vegna æfingaástandunar í íþróttum og eru svo sannarlega undir miklu álagi og vinnu vegna íþróttaiðkunar verði metin á sama máta og þeir sem eru hjá vinnuskólanum og fá greiðslur frá Garðabæ á sama hátt og þeir sem taka þátt í vinnuskólanum.

Það má vera að það komi upp sú hugsun að það megi gera hlé á æfingum í þennan tíma sem vinnuskólinn er starfræktur en það er einfaldlega þannig að það er ekkert sumarfrí í fimleikunum og strax á haustmánuðum verður úrtökuæfing fyrir landslið unglínga, því er ekki um að ræða að taka sér frí til þess að vera í vinnuskólanum. Ef æfingarnar væru á þeim tíma sem vinnuskólinn væri ekki þá væri þessi beiðni ekki að koma frá mér. En Hanna María hefur mætt að fullu og skilað góðum námsárangri í Garðaskóla þó að hún æfi þetta stíft (sjá námsárangur og ástundun í viðhengi)

Vegna þessa biðla ég til ykkar hér sem stjórnir Garðabænum að sína ungum afreksmönnum bæjarins stuðning ykkar í verki.

Virðingafyllst

Auður Lind Aðalsteinsdóttir

Gsm 695-2265

adalsteinslind@gmail.com